

**05.60.09 ÍSLANDS- OG NORÐURLANDASAGA IV**

Kennarar:

Guðni Th. Jóhannesson

Sími: 525 4716, 895 2340

netfang: [guðnith@hi.is](mailto:guðnith@hi.is)

Viðtalstímar: eftir samkomulagi

Sigríður Matthíasdóttir

Sími: 849 1692

netfang: [sigma@hi.is](mailto:sigma@hi.is)

Viðtalstímar: eftir samkomulagi

**NÁMSÁÆTLUN****Markmið**

Námskeiðinu er ætlað að veita nemendum yfirsýn yfir sögu Íslands frá 1939 til okkar daga. Einnig verður minnst á ákveðna þætti í sögu Norðurlanda á sama tímabili. Nemendur þurfa að kunna skil á þeim þáttum í sögu Íslands sem teknir eru til athugunar í námskeiðinu. Áhersla er lögð á að nemendur þjálfist í að draga fram aðalatriði, ræða um og meta sögulegt efni í umræðutímum og að skrifa ritgerðir skipulega með tæknilegum frágangi sem er kenndur í inngangsnámskeiðinu Aðferðir I.

**Kennslutilhögun og aðferðir**

Kennsla hefst mánudag 9. janúar og lýkur fimmtudag 7. apríl. Tímar skiptast milli fyrirlestra kennara og umræðutíma. Fyrirlestrar eru haldnir á mánud. kl. 13.15–14.30 í stofu Á301 og eru ætlaðir öllum þátttakendum á námskeiðinu. Þar fjallar kennari um aðalatriði námsefnisins, bendir á meginlínur og skýrir samhengi í lestrarefninu.

Í umræðutímum er farið dýpra ofan í efnið sem fyrirlestrar vikunnar fjalla um eða tekið fyrir afmarkað efni sem tengist þeim. Umræðuhópar eru þrír:

A-hópur á mánudögum kl. 14.40–15.50 í stofu Á301

B-hópur á fimmtudögum kl. 13.15–14.25 í stofu Á301

C-hópur á fimmtudögum kl. 14.40–15.50 í stofu Á301

Hverjum nemanda er ætlað að hafa eina framsögu í umræðutímum. Í framsögu gerir nemandi grein fyrir umræðuefninu á 10–12 mínútum, skýrir efnið og leggur það upp til umræðu. Æskilegt er að framsögumenn nýti sér hjálpargögn s.s. töflur, myndir, glærur og/eða ljósrit. Ekki er ætlast til að þeir lesi einungis skrifaðan texta.

Rík áhersla er lögð á að nemendur mæti undirbúnir í umræðutíma, hafi lesið lestrarefnið sem lagt er upp hverju sinni í námsáætlun og búið sig undir að taka afstöðu til spurninga sem þar er varpað fram. Gagnsemi umræðutímanna veltur á góðum undirbúningi og virkri þátttöku nemenda. Og varla þarf að taka fram hve tímarnir verða miklu skemmtilegri þegar nemendur eru vel lesnir!

### **Ritgerð**

Nemendur skrifa eina heimildaritgerð í námskeiðinu og skal hún vera 7–8 bls. löng (2.500–2.800 orð), unnin eftir viðurkenndum kröfum um fræðilegar ritgerðir. Ekki síðar en í lok sjöundu viku (**föstudaginn 24. febrúar**) skila nemendur ritgerðaráætlun (efnislýsing á einni bls. með efnisyfirliti og heimildalista) í pósthólf Guðna eða Sigríðar á efstu hæð í Nýja Garði (val í þeim efnum fer eftir efni ritgerðarinnar; hafið samband við okkur ef þið eruð ekki viss). Kennari fer yfir áætlun og lætur nemendur fá athugasemdir eftir því sem tilefni er til. Ritgerð skal skila ekki síðar en síðasta kennsludag (**fimmtudaginn 7. apríl**).

Ritgerðin skal fjalla um efni í Íslandssögu tímabilsins og velur nemandi það af lista sem lagður er fram í upphafi námskeiðs. Nemandi er auðvitað heimilt að velja annað efni með samþykki kennara.

### **Námsefni**

Námsefni sem nemendur eiga að lesa í þessu námskeiði er á víð og dreif í mörgum ritum. Eitt yfirlitsrit er notað, *Ísland á 20. öld* eftir Helga Skúla Kjartansson. Einnig er stuðst við *Nordens historia. En europeisk region under 1200 år* eftir Harald Gustafsson. Námsáætluninni fylgir efnisflokkadur listi yfir lesefni og eru þau rit merkt með stjörnu sem skylt er að lesa. Rit merkt með tveim stjörnum er skyldulesefni sem tekið hefur verið saman í fjölrituðu hefti og er það selt í Guðnastofu. Annað skyldulesefni hefur verið tekið frá í námsbókasafni á 4. hæð í Þjóðarbókhöðdu. Önnur rit sem nefnd eru í námsáætluninni eru hliðsjónarrit til frekari upplýsingar og skilnings á efninu. Fyrirlestrar kennara og efni sem dreift er í tímum teljast einnig námsefni.

### **Námsmat**

Námsmati er þannig háttað að skriflegt próf gildir 70% af einkunn, ritgerð 25% og framsaga og virkni í tímum 5%. Nemandi verður að ná 5,0 á skriflegu prófi til að standast lágmarkskröfur námskeiðsins. Skilyrði fyrir því að fá að þreyta próf er að hafa framsögu og skila ritgerð.

## 05.60.90. Íslandssaga IV

### ÁÆTLUN UM UMRÆÐUTÍMA

2. vika  
Mánud. 16. jan.  
Fimmtud. 19.  
jan.

#### *Seinni heimsstyrjöldin á Íslandi*

- Gerið grein fyrir hernaðarmikilvægi Íslands í styrjöldinni.
- Rökstuðningur „hraðskilnaðarsinna“ og „lögskilnaðarsinna“ í lýðveldismálinu.
- Var Nýsköpunarstjórnin vond eyðslustjórn eða affarasæl uppbyggingarstjórn? Gerið grein fyrir málflutningi Einars Olgeirssonar og Ólafs Thors, og gagnrýni á hann.

3. vika  
Mánud. 23. jan.  
Fimmtud. 26.  
jan.

#### *Íslensk þjóðernisstefna eftir 1940 og „ástandið“*

- Af hverju var oft litið á heimkomu handritanna og afhendingu þeirra í apríl 1971 sem táknræn endalok íslenskrar sjálfstæðisbaráttu? Fjallið um handritamálið og þær þjóðernishugmyndir sem að baki því lágu.
- Skrif Steindórs Sigurðssonar rithöfundar um „setuliðið og kvenfólkið“ á árunum 1940-1941. Reynið að meta að hvaða leyti hann endurómaði ríkjandi viðhorf á stríðsárunum.
- Ríkisafskipti af samskiptum unglingsstúlkna við hernámsliðið. Ungmennaeftirlitið og störf lögreglukonunnar Jóhönnu Knudsen.

4. vika  
Mánud. 30. jan.  
Fimmtud. 2. febr.

#### *Kalt stríð og þorskastríð, 1945-61*

- Útskýrið rök stríðandi fylkinga við gerð Keflavíkursamningsins 1946 og/eða inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið 1949.
- Hvers vegna hætti vinstri stjórnin við að láta herinn fara 1956? Réðu lánveitingar Bandaríkjanna mestu eða innrás Sovétríkjanna í Ungverjaland?
- Var landhelgissamningurinn við Breta 1961 „landráðasamningur“ eða „stærsti stjórnmalasigur Íslendinga“?

5. vika  
Mánud. 6. febr.  
Fimmtud. 9.  
febr.

#### *Menningarátök eftir stríð. Kvenna- og kynjasaga til um 1960.*

- „Stafsetningarstríðið“ og réttarhöldin vegna stafsetningar íslenskra fornrita á árunum 1941-1943. Fjallið um deiluna og ræðið af hverju ólíkar hugmyndir um stafsetningu gátu komið af stað slíku moldviðri.
- Átök um Keflavíkursjónvarpið 1964-1966. Ólík viðhorf menntamanna og „sjónvarpsáhorfenda“. Gerið grein fyrir rökum beggja og leggið mat á þau.
- Gerið grein fyrir baráttu Kvenréttindafélags Íslands fyrir launamálum kvenna fram um 1960. Fjallið einnig um þátt Hannibals Valdimarssonar í jafnréttisbaráttunni og frumvörp hans um atvinnu- og launamál.

6. vika  
Mánud. 13. febr. *Höft og Viðreisn, 1947-71*  
Fimmtud. 16.  
febr.
- Hverjir voru kostir og gallar haftakerfisins? Nefnið dæmi um áhrif haftanna í verki og reynið að útskýra af hverju þau voru svo lengi við lýði.
  - Hvers vegna varð ekki til stór krataflokkur á Íslandi á seinni helmingi síðustu aldar, eins og annars staðar á Norðurlöndum?
  - Var Viðreisnarstjórnin ein besta ríkisstjórn sem við völd hefur verið í landinu? Rekið valdaferil Viðreisnar og hugsanlegar ástæður þess að nokkur ljómi hefur hvílt yfir henni.
7. vika  
Mánud. 20. febr. Upplestrar- og ritgerðarvika  
Fimmtud. 23.  
febr.
8. vika  
Mánud. 27. febr. *Menntamál og velferðarkerfi*  
Fimmtud. 2.  
mars
- “Landsprófið er banafleygur íslenskrar menningar” sagði Jónas frá Hriflu. Ræðið andstöðu Jónasar gegn fræðslulögunum 1946 og landsprófinu og fjallið einnig um gagnrýni Matthíasar Jónassonar (Sbr. Eggert Þór Bernharðsson, Saga Reykjavíkur II, bls. 252-53)
  - Menntun: lykilþáttur í lífshlaupi alls almennings. Menntabyltingin á síðari hluta 20. aldar með áherslu á rannsóknir Sigurtjóns Björnssonar sálfræðings á uppruna og námsferli barna fæddum í Reykjavík á sjötta áratugnum. (Sbr. Eggert Þór Bernharðsson, Saga Reykjavíkur II, bls. 200-201)
  - Almannatryggingalögin 1946. Tilurð og grundvallarsjónarmið sem að baki þeim lágu.
9. vika  
Mánud. 6. mars *Varnarmál og þorskastríð, 1971-89*  
Fimmtud. 9.  
mars
- Reynið að útskýra og sjá samhengi í afstöðu Framsóknarflokksins til varnarmála, 1971-74.
  - Rekið afstöðu stjórnar- og stjórnarandstöðuflokka í landhelgismálinu í kosningabaráttunni 1971.
  - Var rétturinn allur Íslands megin í þorskastríðunum tveimur á áttunda áratugnum?
10. vika  
Mánud. 13. mars *Menningarbylting '68 kynslóðar og nýja kvennahreyfingin*  
Fimmtud. 16.  
mars
- Hippahreyfing og blómabörn. Lífsstíll og viðhorf.
  - Hugmyndafræði og baráttuaðferðir rauðsokkanna.
  - Hvað hratt af stað fyrstu kvennaframboðunum, þ.e. framboði kvenna til borgarstjórnar í Reykjavík og bæjarstjórnar á Akureyri árið 1982?

11. vika  
Mánud. 20.  
mars  
Fimmtud. 23.  
mars

*Innanlandspólitík, 1971-2004*

- „Villta vinstrið“: Hvers konar stjórnsmál aðhylltust smáflokkar á vinstri væng stjórnsmála á áttunda áratugnum?
- Hvað réð helst stjórnarmyndun Gunnars Thoroddsens árið 1980: metnaður hans eða brýn nauðsyn til að leysa langa stjórnarkreppu?
- Útskýrið afstöðu Ólafs Ragnars Grímssonar og Davíðs Oddssonar í þeim átökum um stöðu forseta Íslands í stjórnskipan landsins sem blossuðu upp árið 2004.

12. vika  
Mánud. 27. mars  
Fimmtud. 30.  
mars

*Hugmyndastraumar í lok 20. aldar: Þjóðerni og póstmóðernismi*

- Í lok 20. aldar urðu miklar deilur um póstmóðernisma en á tókust Kristján Kristjánsson annars vegar og Þorsteinn Gylfason og fleiri hins vegar. Gerið grein fyrir ólíkum hugmyndum og sjónarmiðum þeirra.
- Íslenskar Þjóðhátíðir með áherslu á Þjóðhátíðirnar árin 1974 og 1994. Reynið að meta hvaða mynd þær birta af íslensku samfélagi og hvaða hlutverki þær gegna.
- Ræðið Þjóðernisímynd og Þjóðernisviðhorf hins endurreista Þjóðminjasafns og Þjóðmenningarhússins út frá nýlegri umfjöllun um þau efni í tímaritunum Sögu og Nýrri Sögu.

13. vika  
Mánud. 3. apríl  
Fimmtud. 6.  
apríl

*Evrópusamruni og endalok kalda stríðsins, 1989-2004*

- Hvernig og hvers vegna studdu íslensk stjórnvöld sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltslandanna árin 1990-91?
- Rekið deilurnar á Alþingi um EES-samninginn 1992-93.
- Eru „sýnilegar loftvarnir“ nauðsynlegar fyrir öryggi Íslands? Rekið gang varnarviðræðna við Bandaríkin frá lokum kalda stríðsins til okkar daga.